

## FRÉTTATILKYNNING

16. mars 2001

### **Norrænn samningur um samstarf samkeppnisyrvalda:** Ráðist til atlögu gegn ólögmætu samráði fyrirtækja.

Í dag, föstudaginn 16. mars, var gengið frá samningi á milli Danmerkur, Íslands og Noregs sem eflir möguleika samkeppnisyrvalda landanna á aukinni samvinnu. Samningurinn styrkir yfirvöld í að vinna gegn ólögmætu samráði fyrirtækja og öðrum skaðlegum samkeppnishömlum. Mikilvægasta atriði samningsins er að samkeppnisyrvöld geta skipst á trúnaðarupplýsingum í málum þar sem sameiginlegir hagsmunir eru fyrir hendi. Það á einnig við í samrunamálum.

Samkeppnisyrvöld á Norðurlöndum eru oft að fást við sömu úrlausnarefni - þess vegna er aukið samstarf nauðsynlegt.

„Við höfum sannreynt að þörf er fyrir aukið samstarf í því skyni að vinna á árangursríkari hátt gegn ólögmætu samráði fyrirtækja. Það á sérstaklega við um samráð, sem á sér stað í fleiri en einu Norðurlandanna. Yfirvöld þurfa því í slíkum málum að geta samræmt málsmeðferð og framkvæmd samkeppnisreglna“, segja forstjórar samkeppnisstofnana í löndunum þremur.

„Í seinni tíð höfum við einnig séð dæmi um norræna samruna, þar sem við hefðum þurft að hafa möguleika á nánara samstarfi. Það er einnig oft á tíðum ekki síður í þágu fyrirtækjanna, að yfirvöld búi yfir sömu upplýsingum í samrunamálum.“

Á s.l. ári var í Danmörku, Íslandi og Noregi opnað fyrir heimildir til að skiptast á trúnaðarupplýsingum við önnur lönd í samkeppnismálum.

„Samningurinn er eðlilegt framhald af hinum nánun tengslum, sem verið hafa á milli samkeppnisyrvalda landanna. Nú þegar hafa yfirvöld í fleiri löndum sýnt áhuga á að gerast aðilar að samningnum, og þau eru að sjálfsögðu velkomin til þess“ segja forstjórnarnir að endingu.

Samningurinn gengur í gildi 1. apríl 2001.